

Skólaráðsfundur 3. nóvember 2025

Kl. 10:15 (Teams) – Fundur settur

Mættir: Harpa, Jóna Pála (fulltrúar kennara), Gunnlaugur (fulltrúi annarra starfsmanna), Ólöf Helga, Guðgeir (fulltrúar foreldra), Hjördís Bára (aðstoðarskólastjóri sem ritar fundinn) og Katrín Ásta (skólastjóri sem stýrir fundi).

Glærur fundar

Kynning skólaráðs

Fulltrúar skólaráðs kynna sig.

Rætt um að fá fulltrúa í teymið úr grenndarsamfélagi, hugmyndir að fá einhvern úr frístund eða félagsmiðstöð, jafnvel úr tónlistarskólanum. Oft verið foreldri sem starfar t.d. í íþróttafélagi hverfisins eða annað. Skólastjóri fær uppástungur að fólki til að hafa samband við.

Starfsáætlun skólaráðs

Stefnt er að því að hafa 5 fundi á skólaárinu, sá fyrsti í dag og næst í fyrstu vikunni í desember. Beðið með að bóka fund þar til dagskrá meðlima liggur ljósar fyrir.

Eftir áramót verða 3 fundir, febrúar, mars og apríl, gert ráð fyrir að stjórn nemendafélagsins/réttindaráðs mæti á fundinn í mars.

Bent á Handbók um skólaráð.

Starfsáætlun skólaráðs (fundaráætlun) að finna í starfsáætlun Grandaskóla.

Starfsáætlun Grandaskóla

Lögð er fyrir starfsáætlun Grandaskóla. Hún var send í tölvupósti til allra meðlima á síðustu dögum. Áætlunin er uppfærð á hverju hausti. Gott að fá ábendingar frá meðlimum um efni starfsáætlunar ef þeir reka augun í eitthvað sem mætti t.d. orða betur eða ef upp á vantar.

Rætt um skólareglur Grandaskóla sem voru uppfærðar skólaárið 2022-2023. Unnið að verkferli innan skóla fyrir starfsfólk til að vinna eftir þegar/ef út af bregður. Um það gilda lög og reglugerðir en þá er einnig farið eftir ferlum Reykjavíkurborgar.

Katrín sendir á meðlimi Skólaráðs uppkast af verkferlum fyrir næsta fund skólaráðs.

Áherslur skólaárs í Grandaskóla

Námsmat er í endurskoðun og uppfærisk samkvæmt nýrri aðalnámskrá, unnið er að því að gera það skýrara nemendum og foreldrum/forráðafólki.

Fengum endurmenntunarstyrk sem nýttur er fyrir innleiðingu Verkfærakistu grunnskólanna fyrir alla umsjónarkennara í Grandaskóla sem snýst um að byggja upp jákvæðan bekkjaranda og skólabrag.

Grandaskóli fékk ríflegan styrk frá Sprotasjóði. Verkefnið okkar heytir HugSmiðjan/HugsMiðjan og þar er lögð áhersla á fjölbreytta og skapandi kennsluhætti, lestur, læsi, tækni o.fl.

Leiðsagnarnám – námskeið/fyrirlestrar og upprifjun fyrir alla kennara.

Innra mats- og þróunarteymi – innleiðing á Innra mats- og þróunarteymi þar sem við njótum handleiðsla frá Skóla- og frístundasviði.

Grandaskóli er réttindaskóli UNICEF, erum að endurvekja það með því að innleiða það að nýju. Verkefnastjórar eru Harpa Rún Ólafsdóttir og Arnheiður Ingimundardóttir. Búið er að leggja fyrir rafrænt stöðumat fyrir alla nemendur og starfsfólk skólans, snýst í megindráttum um hversu vel fólk er meðvitað um eigin réttindi og skyldur o.fl., á dagskrá er svo að sníða aðgerðaráætlun. Óskað er eftir því að fá að sjá spurningarnar sem lagðar voru fyrir og ætlar Harpa að athuga það.

Önnur mál:

Frá fulltrúum foreldra:

Varðandi tilraunaverkefnið um opna bekkjarkerfið, þ.e. blöndun hópa í árgangi, er hægt að mæla árangur með einhverjum hætti? Eru til einhver gögn sem sýna og styðja við að þessi leið sé góð til árangurs? Vesturbæjarskóli hefur rýnt í þetta kerfi og árangur út frá því. Katrín ætlar að finna grein um innleiðingu þess sem hún sendir á meðlimi til að kynna sér.

Frá fulltrúa kennara:

Hugsmiðjan – mætti upplýsa og kynna betur innan skóla hvað er verið að gera í Huxinu. Verkefnið er í þróun og í stöðugri endurskoðun.

Kl. 10:58 – Fundi slitið

Fundargerð ritaði Hjördís Bára Gestsdóttir